



## Áætlun Reykhóla- og Flateyjarhafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

### Almennar upplýsingar.

#### *Stjórnsýsluupplýsingar*

Útgefið: 1.8.2023  
Hafnir: Reykhólahöfn og Flateyjarhöfn  
Hafnarstarfssemi: Blönduð hafnarstarfssemi.  
Heimilisfang: Maríutröð 5a, 380 Reykhólahreppur.

#### *Tilgangur með gerð áætlunar.*

Tilgangur með áætlun Reykhólahafna er að uppfylla reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum og til að tryggja viðundandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum. Að tryggja að því sé skilað til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar

#### *Umfang starfsemi hafnarinnar.*

Reykhólahafnir eru tvær, annars vegar Reykhólahöfn á Reykólum sem notuð er sem viðlegu- löndunar- og útskipunarhöfn, hins vegar Flateyjarhöfn í Flatey sem notuð er sem ferju- og viðleguhöfn.

### Móttökubúnaður úrgangs.

#### *A. Þörf fyrir aðstöðu og búnað til móttöku úrgangs á höfninni.*

Fjöldi þeirra skipa og tegundir, sem notuðu hafnaraðstöðu hafnanna á árinu 2022.

Tafla 1.

#### **Reykhólahöfn**

Tegund skipa	Fjöldi notenda
Smábátar	4
Stór fiskiskip	
Flutningaskip	2
Afþreyingaskip	
Önnur skip	4

### **Flateyjarhöfn**

Tegund skips	Fjöldi notenda
Smábátar	8
Stór fiskiskip	
Flutningaskip	1
Afbreyjingaskip	14
Önnur skip	

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir þá móttökuflokka og magn hvers flokks sem tekið er á mót hjá höfninni

Tafla 2 .

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	Árlegt magn	Kostnaður við notkun
<b>Almennur úrgangur</b>	Gámur 6m <sup>2</sup> og	Gámur 6m <sup>2</sup> og	Í bland v. heimiliss.	0
<b>Óflokkaður úrgangur heimilissúrgangur</b>	Sorptunnur 240 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Sorptunnur 240 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	100 kg.	50000
<b>Endurvinnanlegur úrgangur</b>	Sérferð á sorpmóttökustað	sérferð á sorpmóttökustað	Í bland v. heimiliss.	0
<b>Veiðafæraúrgangur</b>	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	0	0
<b>Brotajárn</b>	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	0	0
<b>Spilliefni</b>	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	0	0
<b>Fljótandi olíuúrgangur</b>	Sérferð á sorpmóttökustað eða þjónustuaðili	Sérferð á sorpmóttökustað eða þjónustuaðili	0	0


Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um allar tegundir úrgangs sem tekið er á móti árlega frá Reykhólahöfn. Sorptunna á höfn er tæmd, en lítill úrgangur berst í hana. Engar mælingar fara fram í Flateyjarhöfn, þ.e. úrgangur blandast við annan úrgang frá íbúum. Það hefur sýnt sig að búnaður sem þar er til staðar er nægjanlegur, enda er brugðist við einstökum sérþörfum með sér ferð á endurvinnslustöð sveitarfélagsins. Ekki er um neina sérmeðhöndlun úrgangs að ræða á höfninni, tekið er við honum og hann settur í viðeigandi móttökubúnað sem er til staðar, úrgangur er síðan flokkaður af starfsmönnum Endurvinnslustöðvar Reykhólahrepps eða Stykkishólms vegna hafnar í Flatey. Stærsta atvinnustarfssemin á Reykhólahöfn, Þörungaverksmiðjan er með sér sorpgáma fyrir sinn iðnað.

### **B. Staðsetning og aðgengi að búnaði til móttöku úrgangs.**

Sorpgámum er valin staðsetning þar sem tillit er tekið til aðgengis að þeim og skipaumferðar, í Flatey eru sömu ílát ætluð höfninni, íbúum og gestum. Skip og bátar geta losað sig við sorp í sorpílát hafnanna. Ef um mikið magn er að ræða er farið með úrgang í Endurvinnslustöðina á Reykhólum. Atvinnurekandi sér um að koma úrgangi frá skipinu í Endurvinnslustöðina.


Ílát fyrir úrgang á höfnunum.

Mynd 1 Reykhólahöfn



Móttökubúnaður á Reykhólahöfn er staðsettur við trébryggjuna.

Mynd 2 Flateyjarhöfn.



Móttökubúnaður á Flateyjarhöfn er staðsettur á höfninni. Búnaður er ætlaður fyrir allan úrgang frá Flatey.

Gámarnir eru skýrt merktir svo að ljóst sé hvar móttaka úrgangs sé og skýrt sé hvaða tegund úrgangs sé tekið á móti.. Ef ekki er móttökuílát fyrir þann úrgang sem þarf að losa skal hafa samband við hafnarstarfsmann. Á mynd 1 og 2 má sjá staðsetningu móttökubúnaðar fyrir úrgang á korti af höfnunum.

Um tæmingu úrgangsgáma sér Gámapjónusta Vesturlands (nú Terra) á Reykhólahöfn og Íslenska Gámafélagið á Flateyjarhöfn, Sæferðir sér um ferðir með gáma á milli Stykkishólms og Flateyjar.

### **C. Móttaka skólps.**

Tekið er á móti skólpi frá skipum sé þess óskað, í slíkum tilfellum er kallaður til þjónustuaðili sem hefur yfir að ráða dæluþíl til slíkrar þjónustu. Þanta þarf þessa þjónustu með góðum fyrirvara.

#### **D. Kostnaður við móttöku úrgangs.**

Öll skip, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem mega ekki flytja fleiri en 12 farþega, herskip, hjálparskipt í flota, skip sem þjónusta fiskeldi, skip í ríkiseign og skip í ríkisrekstri sem nýtt er í þágu hins opinbera, skulu greiða úrgangs- og förgunargjald. Um kostnað fer skv. gjaldskrá hafnarsjóðs og gjaldskrá Endurvinnslustöðvar Reykhólahrepps hverju sinni. Sjá má gjaldskrár á heimasíðu Reykhólahrepps. Í tilvikum þar sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila en hafnarinnar s.s. vegna olíuúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

#### **E. Upplýsingar til notenda.**

SafeseaNet tilkynningar skulu berast höfn 24 klst. fyrir komu skips. Þegar tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning. Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits).

Greinagóðar merkingar eru á ílátum til móttöku úrgangs, notendum til upplýsinga.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið sveitarstjóri@reykholar.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyfirvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunnar:

[https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/reporting\\_alleged\\_inadequacy\\_of\\_port\\_reception\\_facilities.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/reporting_alleged_inadequacy_of_port_reception_facilities.pdf)

#### **Samráð.**

Við gerð áætlunarinnar var unnið út frá reynslu undangenginna ára hvað varða móttöku og meðhöndlun úrgangs og þess samstarfs sem verið hefur við skipstjóra útgerðar- og umboðsaðila skipa og aðra notendur hafnanna um móttöku úrgangs. Treyst er á notendur hafnarinnar að þeir

komi með ábendingar um hvað má betur fara þegar þjónusta er veitt til að hægt sé að bregðast við því, eftir því sem þörf er á.

## Úrvinnsla og ábyrgð á framkvæmd.

Starfsmenn hafnarinnar halda utan um magn og helstu tegundir úrgangs og er í því sambandi stuðst við eyðublað um móttöku úrgangs, ýmist sem viðkomandi skip er með sjálft eða ef svo er ekki, þá er notað við eyðublað hafnarinnar. Sá úrgangur sem er í minna magni og fer í móttökuílát á hafnarsvæði er vigtaður og skráður inn á eyðublað með skýringum um tegund og magn þegar ílátin eru tæmd fyrir viðkomandi hafnarsvæði. Ábyrgð á framkvæmd áætlunar og skráningu móttækis úrgangs er í höndum hafnarstarfsmanna. Íslenska gámafélagið sér alfarið um móttöku og skráningu á úrgangi frá Flateyjarhöfn, þar er allt safnað saman, bæði frá höfninni og þorpínu, þ.e sorpið frá höfninni er ekki aðgreint frá öðru sorpi.

## Endurskoðun.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 skal endurskoða áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti, næst árið 2026. Einnig skal hún endurskoðuð ef meiriháttar breytingar verða á rekstri hafnarinnar.

## Lög og reglugerðir.

Áætlun þessi er unnin í samræmi við ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða.:

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 737/2003 með síðari breytingum, um meðhöndlun úrgangs.

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur) Reglugerð nr.

1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum.

Reglugerð nr. 806/1999 með síðari breytingum, um spilliefni.

Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

Áætlun þessi er samþykkt af sveitarstjórn Reykhólahrepps ágúst 2023

Áætlunin var staðfest af Umhverfisstofnun þann



# Reykhóla- og Flateyjarhöfn

## Upplýsingar vegna losunar úrgangs.

Tilgangur með áætlun Reykhóla- og Flateyjarhafnar er að uppfylla reglur sem ætlað er að verndar umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndra förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar.

Óski skip eftir að losa úrgang hjá Reykhólahöfn skal hafa samband við starfsmenn hafnarinnar og tilkynna um losun.

Reykhóla- og Flateyjarhöfn s. 432 3200 (skifstofa)  
Hafnarstarfsmenn s. 892 3830 (Jón Þór Kjartansson)

Þetta á einnig við þegar skip og bátar losa úrgang í þar til gerð sorpílát sem staðsett eru á viðkomandi hafnarvæði. Tilkynna skal hafnarstarfsmanni um losunina, magn og tegund úrgangs.

Allur úrgangur skal vera flokkaður og umbúðir merktar viðkomandi úrgangsflokki þannig að ekki fari á milli mála um hvers konar úrgang er að ræða.

Allur úrgangur sem settur er í land skal skráð og fær skip afrit af móttökukvittun frá höfninni.

Mynd af staðsetningu sorpmóttökubúðnaðar er að finna á heimasíðu Reykhólahrepps.  
<http://www.reykholar.is>.

Um kostnað fer skv. gjaldskrá hafnarsjóðs Reykhólahafnar og Flateyjarhafnar og gjaldskrá Endurvinnslustöðvar á Reykhólum hverju sinni. Sjá má framangreindar gjaldskrár á heimasíðu Reykhólahrepps. <http://reykholar.is>. Í þeim tilvikum sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila en hafnarinnar s.s. vegna olíuúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

Listi yfir þjónustuaðila:

Íslenska Gámafélagið	Úrgangur	s. 577-5757
Hreinsitækni	Skólp	s. 567-7090
Olíudreifing	Úrgangsolía	s. 550-9900

Ef skipstjóri, útgerðaraðili eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvörtun vegna þjónustu hafnarinnar skal hann snúa sér til hafnarstarfsmanna eða beint til hafnarstjóra Reykhólahafnar. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra Reykhólahafnar á netfangið [sveitarstjori@reykholar.is](mailto:sveitarstjori@reykholar.is).

Hafnarvörður